




Breiðármörk er rauð gönguleið. Erfiðleikamerkingin segja til um hvernig leiðin er undir fótinn. Hún miðast við erfiðasta áfanga leiðarinnar og fylgir þessum lykli:

- BLÁTT: Auðvelt** Góðir og sléttir stígar að jafnaði, án teljandi hindranna eða erfiðleika.
- RAUTT: Krefjandi** Leiðir og stígar sem geta falið í sér lengri óslétta og erfiða kafla og hindranir, svo sem óbrúaða læki og minni ár, lausamöl, há uppstig o.s.frv.
- SVART: Erfitt** Leiðir og stígar sem fela í sér hindranir og erfiðleika á borð við stærri óbrúaðar ár, brattlendi og klettahöft, sem óvönum og við slæmar aðstæður geta verið hættulegar.
- GRÆNT: Fyrir hreyfi-hamlaða** Stígar eru með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Stígar eru yfir 75 cm breiðir.

NÁNARI LÝSING Á LEIÐINNI

Þó að Breiðármörk sé metin sem rauð gönguleið þá telst meirihluti hennar blár. Leiðin er stíkuð yfir sanda, urðir og jökulgarða. Landið er ekki allt slétt og nokkuð grýtt á köflum. Þó eru engar teljandi hæðarbreytingar, né yfir óbrúaðar ár og læki að fara þannig að hún ber ekki með sér neina sérstaka erfiðleika fyrir göngufólk. Leiðin er tæplega 15 km löng og gera má ráð fyrir um 5 tímum til að ganga hana. Drykkjarvatn finnst ekki á leiðinni þannig að nauðsynlegt er að taka það með sér.

VELKOMIN Í RÍKI VATNAJÖKULS

Þetta göngukort sýnir gönguleiðina milli Jökulsárlóns og Fjallsárlóns á Breiðamerkursandi. Gönguleiðin Breiðármörk er hluti af stærra gönguleiðakerfi sem verið er að byggja upp í Austur-Skaftafellssýslu og mun í framtíðinni tengja leiðina allt frá Skaftafelli í vestri yfir að Lónsöræfum í austri.

Gönguleiðin er tæplega 15 km löng og liggur meðfram þrem jökullónum. Á leiðinni fæst innsýn í gróðurfar, fuglalíf og jarðfræði svæðisins sem og hvernig lífið var áður fyrr á þessu einangraða landsvæði sem hefur í aldanna rás verið undirorpið kröftum skriðjökla og straumþungra jökuláa.

Ríki Vatnajökuls nær yfir stórt svæði á suðaustur hluta landsins þar sem sjá má eitt stórbrótnasta landslag Íslands. Víða blasa við skriðjökla sem ná niður á grænt undirlendi, töfrandi jökullón með fljótandi ísjökum, svartar strendur, litrík fjöll og djúpir dalir á einu áhugaverðasta göngusvæði landsins. Í ríki Vatnajökuls er bæði hæsti tindur landsins og mesta dýpið undir sjávarmáli sem og besta aðgengið að Vatnajökulspjóðgarði. Fuglalíf er fjölbreytt og þú gætir einnig rekist á hreindýr og seli. Svæðið er eitt það mest sótt á Íslandi af ferðamönnum, bæði erlendum og innlendum og er það aðallega stórkostleg náttúran sem laðar að en einnig gott framboð ferðapjónustu.

Nálægðin við Vatnajökul, stærsta jökul í Evrópu (8000 km²) hefur mótað allt umhverfi hér, bæði í náttúru og mannlífi. Hér mætast frumkraftarnir eldur og ís en undir þykkri ísbreiðunni leynast nokkur af stærstu eldfjöllum og eldstöðvum landsins. Frá landnámi hefur verið búseta við sunnanverðan Vatnajökul þar sem íbúar stunduðu landbúnað á aflangri landræmu sem lokuð var af jökulum

og bröttu fjalllendi á aðra höndina og Atlantshafi á hina. Straumþungar jökulár lágu síðan í vegi ferðalanga. Þær áttu til að hlaupa og leggja nytjalönd í eyði.

Höfn í Hornafirði (1700 íbúar) er eina þéttbýlið á svæðinu. Vegna gjöfulla humarmiða á Breiðármerkurdýpi kallast Höfn jafnan Humarbærinn, enda er það lostæti á boð-stólnum á veitingastöðum bæjarins. Milt veðurfar gerir það að verkum að auðvelt er að ferðast um svæðið allan ársins hring.


Dýragras – *Gentiana nivalis*



GESTIR ERU BEÐNIR AÐ HAGA Í HUGA:

- Berum virðingu fyrir umhverfinu og óspilltri náttúru og sýnum aðgát, t.d. í fjöru, við árbakka og á jökulum.
- Hendum ekki rusli né urðum. Allt rusl, þar með talinn salernispappír, skal bera með sér á leiðarenda og skila í þar til gerðar tunnur.
- Hróflum ekki við jarðmyndunum eða viðkvæmum gróðri. Nenum ekki á brott plöntur og steina. Hliðum ekki vörður.
- Fylgjum merktum göngustígum þar sem þeir eru. Fótspor á viðkvæmum gróðri eru lengi að gróa.
- Verndum dýralíf og sýnum aðgát við varpsvæði fugla.
- Spillum ekki vatni.
- Varast ber að hundar eða önnur gæludýr spilli gróðri eða trufli önnur dýr, fugla eða ferðamenn. Eigendur skulu þrifa eftir dýr sín á göngustígum.
- Látum alltaf einhvern vita fyrirhugaða ferðaáætlun. Snögg veðrabrigði geta orðið, útbúum okkur með það í huga.
- Virðum umgengnisreglur og tilmæli landeiganda. Sýnum öðru göngufólki vinsemi og virðingu.
- Skiljum við áningarstað eins og við vildum koma að honum. Tökum myndir og minningar með okkur – en skiljum ekkert eftir nema létt fótspor.

Ef slys verður eða þörf á aðstoð þá komið boðum í 112.



RÍKI VATNAJÖKULS

Samtökin eru klasi ferðapjónustufyrirtækja, matar og menningar í Sveitarfélaginu Hornafirði. Samvinna þessara aðila hefur að markmiði að kynna svæðið sem ákjósanlegan áfangastað til útivistar og náttúruskoðunar auk skemmtilegrar upplifunar í mat og menningu.

www.visitvatnajokull.is

LANDNÁM OG BÚSETA Á BREIÐAMERKURSANDI

Samkvæmt Landnámu hófst búseta á Breiðamerkursandi strax við upphaf landnáms fyrir tæpum 1100 árum síðan. Þá var landið skógi vaxið milli fjalls og fjöru að sögn Ara fróða er ritaði Íslendingabók. Erfitt er að gera sér í hugarlund að halda úti búskap á Breiðamerkursandi, hvað þá að reisa bæ á miðjum sandinum, eins og við þekkjum hann í dag. Skilyrðin hafa breyst svo um munar og náttúrufar erfiðara fyrir búskap en var á fyrstu öld landnámsins.

En svo segir í Landnámu:

Hrollaugur fór til Íslands með ráði Haralds konungs og hafði með sér konu sína og sonu. Hann kom austur að Horni og skaut þar fyrir borð öndvegissúlum sínum, og bar þær á land í Hornafirði, en hann rak undan og vestur fyrir land; fékk hann þá útivist harða og vatnfátt. Þeir tóku land vestur í Leiruvogi á Nesjum; var hann þar hinn fyrsta vetur. Þá frá hann til öndvegissúlna sinna og fór austur þann veg; var hann annan vetur undir Ingólfsfelli. Síðan fór hann austur í Hornafjörð og nam land austan frá Horni til Kvíar og bjó fyrst undir Skarðsbrekku í Hornafirði, en síðan á Breiðabólstað í Fellshverfi. [...] Þórður Illugi son Eyvindar eikikröks braut skip sitt á Breiðársandi; honum gaf Hrollaugur land milli Jökulsár og Kvíar, og bjó hann undir Felli við Breiða.

Ekki er vitað nákvæmlega hvort eða hvar bæjarstæði voru á sandinum en örnefni benda til þess að það hafi verið sunnan við Breiðarlón. Árfarvegur Breiðár hefur breyst í gegnum aldirnar og válynd náttúra eflaust tekið sinn toll af mögulegum mannvistarleifum.

Til eru fleiri sagnir um mannabústaði á Breiðamerkursandi frá söguöld. Í Brennu-Njálssögu segir frá Kára Sölmundarsyni, en hann var fóstbróðir Njálssona og mágur helstu sögupersóna í Njálu. Kári var sá eini af þeim fóstbræðrum sem slapp úr

LANDMÓTUN Á BREIÐAMERKURSANDI

Breiðamerkursandur er á milli Kvíar og Fellsár. Sandurinn er árkeila Jökulsár, Breiðár og Fjallsár. Hann var áður nefndur Breiðársandur eftir býlinu Breiða. Örnefni í umhverfi sandsins eru vitnisburður um búsetu, allt frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Þá voru jöklar minni en síðar varð og sandurinn þakinn gróðri. Á 13. öld tók veðurfar að kólna og í kjölfarið gengu jöklar fram. Breiðamerkurjökull gekk lengst fram á 18. og 19. öld. Munaði um 250 m, þar sem styst var, að sporðurinn næði í sjó fram.

Gríðarleg landmótun hefur átt sér stað á Breiðamerkursandi eftir að jökullinn fór að hopa í byrjun 20. aldar. Lón tóku að myndast upp úr 1930. Stærstu lónin eru Jökulsárlón (> 23 km²), Breiðarlón (> 6 km²) og Fjallsárlón (> 3 km²). Jökull kelfir í þau og lónin stækka með hverju ári við áframhaldandi hop. Árið 2010 var Breiðamerkursandur orðinn 136 km² á milli Fjallsár og Fellsár og hafði stækkað um 86 km² frá aldamótunum 1900. Landið sem birtist við hopið einkennist af setmyndunum, sem mótað hafa undir jökli. Stór flæmi eru jökulkembd og jafnframt eru fjölbreytilegir jökulgarðar sem jökullinn hefur ýtt til á við og dreif. Jaðarurðir, haugaruðningar, stallar auk malarkamba, jökulkerja og annarra dauðismenja hafa myndast við hopið. Árfarvegir skerast gjarnan gegnum áðurtaldir myndanir. Auk þess eru ár-aurar og malarásar, vitnisburður um jökulvötn sem hafa flæmst um sandana. Smávötn og tjarnir dreifast víða í lægðum á sandinum.

Gönguleiðin á milli Jökulsárlóns og Fjallsárlóns liggur þvert yfir þetta land og sker m.a. jökulmenjar eftir Esjufjallarönd og Máfabbyggðarönd. Stígurinn frá Jökulsárlóni vestur til Breiðarlóns liggur nærri þeim stað sem jökulsporðurinn lá milli 1955 til 1963. Veltu fyrir þér gróðurbreytingum eftir því sem nær dregur jökli.



brennunni á Bergþórshvoli, sem sagan dregur nafn sitt af. Í henni brann inni heimilisfólkið á Bergþórshvoli ásamt Þórði syni Kára. Sá sem fór fyrir flokki brennumanna var Flosi Þórðarson frá Svínafelli í Örfæum. Flosi átti fósturdóttur er hét Hildigunnur, hún hafði verið gift Höskuldi hvítanesgoða, fóstbróður þeirra Kára og Njálssona. Kári og Njálssynir vógu Höskuld morgun einn eftir að hafa gleypst við lygum og rögburði Marðar Valgarðssonar um Höskuld og hans ágæti. En svo fór að lokum að Kári gerði sátt við Flosa og gekk að eiga Hildigunni. Segir í Njálu að þau hafi sett niður bú við Breiða á Breiðamerkursandi.

Lítið er vitað um búsetuþróun á Breiðamerkursandi allt þar til bærinn lagðist í eyði á hinu forna bæjarstæði. Þó er hægt að lesa úr Máldögum að búseta hafi verið á Breiðamerkursandi og hlunnindi af jörðinni sæmileg til ársins 1698 en telst hún þá eyðijörð. Ástæðuna fyrir því að hún leggst í eyði má rekja til loftslagsbreytinga og kuldaskiðs sem stóð í nokkrar aldir og nefnt er litla ísöld. Þessar breytingar og ört lækkandi hitastig hefur haft veruleg áhrif á byggðarþróun og þá



sérstaklega í Örfæunum og á Breiðamerkursandi. Rannsóknir á Breiðamerkurjökli gefa til kynna að þau bæjarstæði sem hvað grónust voru hafi skolað burt með jökulám eða horfið undir jökulinn. Eldsumbrotin í Örfæjökli 1362 hafa eflaust haft veruleg áhrif á búsetu á svæðinu, ekki bara í Örfæum heldur einnig á Breiðamerkursandi. Frá árinu 1387 fær jörðin Breiða nafnið Breiðármörk. Heimildir geta ekki um búsetuform né bændur og má því færa fyrir því rök að jörðin hafi einungis verið hlunnindagjafi og eign kirkjunnar. Árið 1523 var Breiðármörk komin í eigu Skálholtsstaðar og var þá föst búseta þar og bænhús. En jökullinn og breytingar á honum, hafa auðvitað mótað bæði bæjarstæðin og búskaparhætti svæðisins í gegnum aldirnar og menn aðlagast eins vel og kostur var á, þó að stundum hafi þeir þurft að gefa eftir og flytjast búferlum sökum harðbýlisins. Ljóst er að búseta á Breiðamerkursandi má muna sinn fífil feegurri, en þess í stað hefur náttúran gefið okkur eina mestu perlu sem við Íslendingar eigum, Jökulsárlónið.

HVAÐAN KOMA ÍSJAKARNIR?

Jökulsárlón og Breiðarlón liggja að Breiðamerkurjökli og Fjallsárlón að Fjallsárjökli. Meðan brýtur af jöklum í lónin munu ísjakar reka um þau. Ísjakarnir eru lokastig hringrásar vatns frá hafi, um loft og jökla og til sjávar á ný. Vatnið tekur hamskiptum, breytist úr vökva í gufu, síðan í fast form og í vökva að nýju. Umbreytingin í vatnsgufu á sér oftast stað yfir hafi og þaðan berst hún yfir land sem rakamettuð ský. Þegar úrkoma fellur úr þeim, sem regn eða snjór, hafa hamskipti átt stað á nýjan leik. Snjókrístar og ís eru hið fasta form vatnsins. Snjórinn sem fellur á safnsvæði jökla á eftir að fergjast og umbreytast með tímanum í ís. Jökulísinn berst frá safnsvæðum til láglendis þar sem hann bráðnar að lokum á leysingasvæði jökla. Á síðustu áratugum hafa jöklar hopað ört vegna hlýnandi loftslags. Þar sem þeir grófu niður bæli sitt mynduðust lón framan við jökulinn. Ísinn kelfir af jökulsporðunum í lónin og brotnar upp í jaka. Ferlið flytir fyrir rýrnun jökulsins og hann hopar hraðar. Ísinn rekur um sem jakar á lónunum, ferðalöngum til ánægju, en bráðnar smám saman í vatn.

